




Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið



HALLSVEGUR – ÚLFARFELLSVEGUR ÁSAMT GATNAMÓTUM VIÐ VESTURLANDSVEG

TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

Desember 2007

VSÓ RÁÐGJÖF

HALLSVEGUR – ÚLFARSFELLSVEGUR ÁSAMT GATNAMÓTUM VIÐ VESTURLANDSVEG

Tillaga að matsáætlun

07241

S:\2007\07241\b\071129_Tillaga að matsáætlun.doc

Desember 2007

3	30.11.2007	SBo	SGT	SGT
2	12.10.2007	SBo	SGT	SGT
1	13.9.2007	SBo	SGT	SGT
Nr. Útg.	Dags	Unnið:	Yfirfarið:	Samþykkt:



1.	Inngangur	3
1.1	Tilgangur	3
1.2	Matsskylda	3
1.3	Tímaáætlun	3
2.	Framkvæmdasvæði	4
3.	Framkvæmdalýsing	6
3.1	Forsendur	6
3.2	Vegagerð	7
3.3	Brúargerð	7
3.4	Göngustígar	7
3.5	Lagnir	7
3.6	Efnispörf	7
3.7	Aðrir kostir	7
3.7.1	Aðrir framkvæmdakostir	7
3.7.2	Núll-kostur	8
3.8	Leyfi sem framkvæmdin er háð	8
4.	Skipulag og landnotkun	9
4.1	Aðalskipulag	9
4.2	Deiliskipulag	10
4.3	Náttúruvernd	10
4.4	Samgönguáætlun og framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar.	11
5.	Mat á umhverfisáhrifum – Umfang og áherslur	12
5.1	Loftmengun	12
5.2	Hljóðvist	13
5.3	Vatn og vatnalíf	13
5.4	Gróður	13
5.5	Fuglalíf	13
5.6	Landslag	14
5.7	Meningarminjar	14
6.	Samráðs- og kynningarferli	14
6.1	Kynning frummatsskýrslu og matsáætlunar	14
6.2	Kynning draga að tillögu að matsáætlun	14
6.3	Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun	14
6.3.1	Minjasafn Reykjavíkur	15

6.3.2	Íbúasamtök Grafarvogs	15
6.3.3	Íbúar við neðanverð Garðshús	15
6.3.4	Hverfisráð Grafarvogs	16
6.3.5	Fuglaverndarfélag Íslands	17
6.3.6	Fornleifavernd ríkisins	17
7.	Heimildaskrá	18
8.	Viðauki: Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun	19
8.1	Fuglaverndarfélag Íslands	19
8.2	Árbæjarsafn – Minjasafn Reykjavíkur	19
8.3	Fornleifavernd ríkisins	19
8.4	Íbúasamtök Grafarvogs	20
8.5	Hverfisráð Grafarvogs	22
8.6	Íbúar við Garðhús	22

TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

1. Inngangur

Vegagerðin og Reykjavíkurborg kynna hér tillögu að matsáætlun, sem fjallar um hvernig verði staðið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda við lagningu nýs kafla Hallsvegar frá Víkurvegi að Hringvegi með brú yfir Korpu, mislæg gatnamót yfir Hringveg (hér eftir kallaður Vesturlandsvegur) og Úlfarsfellsveg í beinu framhaldi af Hallsvegi. Frumdrög að framkvæmdum á svæðinu voru unnin af VST í mars 2003.

Áður hafa verið metin umhverfisáhrif Hallsvegar milli Fjallkonuvegar og Víkurvegar, sem lauk með úrskurði umhverfisráðherra 13. maí 2002 og tvöföldun Vesturlandsvegar sem lauk með úrskurði Skipulagsstofnunar 9. janúar 2004. Báðir þessir úrskurðir voru á þá leið að áformaðar framkvæmdir væru ekki taldar valda umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Drög að tillögu að matsáætlun var til kynningar fyrir almenning og umsagnaraðila frá 28. október til 19. nóvember 2007. Nánar er fjallað um athugasemdir og viðbrögð við þeim í kafla 6 og allar athugasemdir er að finna í viðauka.

1.1 Tilgangur

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tengja Grafarvogshverfi og hverfi í Hamrahlíðum og Úlfarsárdal við Vesturlandsveg og bæta tengingu hverfanna innbyrðis í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur. Mislæg gatnamót eru talin nauðsynleg til að greiða fyrir umferð inn og út úr hverfunum sitt hvoru megin við Vesturlandsveg. Framkvæmdum er ætlað að auka umferðarrýmnd gatnanna, þjónustustig og umferðaröryggi.

1.2 Matsskylda

Framkvæmdin er matsskyld sem stofnbraut í þéttbýli skv. tölulið 10.i, í 1. viðauka í lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

1.3 Tímaáætlun

Tímaáætlun er skv. skýringamynd hér að neðan.

2007

Verkþættir	Ágúst	Sept.	Október	Nóv.	Des.
Tillaga að matsáætlun					
Auglýsing tillögu					
Ákvörðun Skipulagsstofnunar					
Frummatsskýrsla					
Yfirliestur Skipulagsstofnunar					
Auglýsing frummatsskýrslu					
Matsskýrsla					
Álit Skipulagsstofnunar					

2008

Verkþættir	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní
Tillaga að matsáætlun						
Auglýsing tillögu						
Ákvörðun Skipulagsstofnunar						
Frummatsskýrsla						
Yfirliestur Skipulagsstofnunar						
Auglýsing frummatsskýrslu						
Matsskýrsla						
Álit Skipulagsstofnunar						

2. Framkvæmdasvæði

Framkvæmdasvæðinu hefur að hluta verið raskað með fyrri framkvæmdum vestan Vesturlandsvegjar og við breytingar á legu Vesturlandsvegjar. Skipulagsáætlanir gera ráð fyrir töluverðri uppbyggingu verslunarhúsnæðis með tilheyrandi gatnakerfi og eru þær framkvæmdir hafnar að nokkru leyti.

Af framkvæmdum á svæðinu ber helst að nefna (sjá kort 1):

- Tengivegina Blikastaðaveg og Lambhagaveg.
- Verslunarhúsnæði sitt hvoru megin Vesturlandsvegjar
- Vesturlandsvegur hefur verið tvöfaldaður og veglína lagfærð til að mýkja sveigju milli Víkurvegjar og Skarhólabrautar. Við breikkun vegarins var byggð ný brú yfir Úlfarsá.
- Lagður hefur verið Hallsvegur frá Strandvegi að Víkurvegi úr vestri.
- Atvinnuhúsnæði er norðan fyrirhugaðrar veglínu Hallsvegjar og nokkuð sunnar eru Rannsóknarstofnanir atvinnuveganna að Keldnaholti. Að öðru leyti er svæðið lítið uppbyggt.



Yfirlit um framkvæmdasvæði (rauð skástrikað)

Korpa (Úlfarsá) rennur þvert á stefnu veglínu Hallsvegjar til norðurs og mun því þurfa að brúa hana. Suður af þeirri brú er stífla í ánni og af þeim völdum lón í árfarveginum. Milli Korpu og Vesturlandsvegjar eru óbyggðir melar þar sem þrífst nokkuð kjarr og lúpína.

Norðan fyrirhugaðrar veglínu Hallsvegjar er íþróttasvæði.

Í frumdrögum hönnunar (VST 2003, bls. 10) segir um jarðtæknilegar athuganir á svæðinu milli Vesturlandsvegjar og Korpu: „Sand- og malarlög virðast þekja beggrunninn í veglínu Hallsvegjar frá Hringvegi alla leið að stöð 3300. Jarðlagaskiptingin [...] er í megin atriðum svipuð, moldarlag efst og þá sand- og malarlög niður á klöpp. Lagskipting efnisins eftir kornastærð er orðin nokkuð greinleg og er grófasta efnið efst og verður fínna eftir því sem neðar dregur. [...] Næst Úlfarsá [Korpu] er sandurinn horfinn. Þar nær einsleit mýrarmoldin niður á klöpp á 3m dýpi. Þar sem veglína Hallsvegjar sker Úlfarsá

TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

[Korpu] rennur áin á hreinni klöpp. Stórir steinar eru í ánni en laus fínefni í lágmarki." Handan árinna er jarðlögum lýst svo: „Efst er moldarlag á bilinu 0,5-1,1m á þykkt og svo taka við sand- og malarlög. [...] Hvergi var með vissu hægt að greina botn holanna sökum bleytu í holuborni. Er þó að minnsta kostu um að ræða afar hart og þétt efni undir lausu jarðlögum. Ef ekki klöpp, þá líklega mjög þéttan jökulruðning."

Framkvæmdasvæði fyrirhugaðs Úlfarsfellsvegjar er að mestu leyti lítið raskað. Framkvæmdasvæðið vegarins nær frá fyrirhuguðum mislægum gatnamótum við Vesturlandsveg að fyrstu gatnamótum inn í væntanlegt íbúðahverfi í suðurhlíðum Úlfarsfells. Samkvæmt skipulagsáætlunum er gert ráð fyrir talsverðri uppbyggingu sunnan við veglínuna, bæði atvinnuhúsnæði og íbúðabyggð (sjá kort).

Umferð um Vesturlandsveg fer um framkvæmdasvæði meðan mislæg gatnamót verða reist.



Mynd 1 Horft yfir fyrirhugað vegstæði frá Vesturlandsvegi til vesturs að gatnamótum Víkurvegjar og Hallsvegjar. Nákvæm lega óviss.



Mynd 2 Fyrirhuguð lega vegar um hlíðar Úlfarsfells. Horft að Vesturlandsvegi frá eystri bakka Korpu. Nákvæm lega óviss.

3. Framkvæmdalýsing

Framkvæmdin samanstendur af þremur þáttum. Í fyrsta lagi lagningu Hallsvegar milli Víkurvegar og Vesturlandsvegar, með brú yfir Korpu. Í öðru lagi er lagning Úlfarsfellsvegar að Vesturlandsvegi frá fyrstu gatnamótum inn í nýtt íbúðahverfi í hlíðum Úlfarsfells. Í þriðja lagi eru byggð mislæg gatnamót Hallsvegar, Úlfarsfellsvegar og Vesturlandsvegar.

3.1 Forsendur

Hönnunarforsendur gera ráð fyrir byggðapróun skv. Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 með síðari breytingum ásamt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024. Sérstaklega er litið til uppbyggingar í Mosfellsbæ, á Blikastaðalandi og í Úlfarsárdal í Reykjavík. Í frumdrögum hönnunar hafa útreikningar verið endurteknir vegna breyttra áætlana um uppbyggingu á svæðinu. Frá útgáfu frumdraga hafa orðið breytingar áformum um uppbyggingar í Mosfellsbæ og Reykjavík. Forsendur miðast því nú við umferðarspá VSÓ Ráðgjafar sem unnir eru fyrir Reykjavíkurborg 22.3.2007 og miðast við nýjustu skipulagsforsendur. Umferðarspár miðast við árið 2024 og fullbyggð svæði.

Í frumdrögum hönnunar kemur fram að Vesturlandsvegur verði áfram umferðarmesta stofnbrautin til norðurs út úr Reykjavík og helsta tenging milli byggðahverfa á svæðinu, jafnvel eftir að uppbyggingu Sundabrautar er lokið.

- Í frummatsskýrslu verða sýndar niðurstöður umferðarspár á svæðinu og þær forsendur sem þar liggja að baki. Umferðarspá miðast við árið 2024.
- Gerð verður grein fyrir umferðarstraumum í nágrenni framkvæmdanna og áhrifum útfærslna gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins á umferðina. Áhrif framkvæmdaáfangu Sundabrautar og



TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

tenging Úlfarsfellsvegar inn að Suðurlandsvegi verða sérstaklega til skoðunar. Umferðarspá miðast við árið 2024.

3.2 Vegagerð

Fyrirhugaður Hallsvegur og Úlfarsfellsvegur verða alls 4 akreinar og um 23m að breidd fyrir utan fláa og vegstæði enn breiðara þar sem fyllingar eru háar.

Í frummatsskýrslu um framkvæmdirnar verður nánar gert grein fyrir:

- Staðsetningu vega
- Lengd og breidd vega
- Stærð og afmörkun veghelgunarsvæða

3.3 Brúargerð

Í frummatsskýrslu verður nánar greint frá:

- Staðsetningu brúar
- Lengd brúar
- Gerð undirstaðna

3.4 Göngustígar

Gerð verður grein fyrir legu göngu- og reiðstíga í samræmi við Aðalskipulagi Reykjavíkur.

- Í frummatsskýrslu verður gert grein fyrir legu stíganna.

3.5 Lagnir

Samráð verður haft við veitufyrirtæki um tilfærslu og nýlagningu lagna.

- Gert verður grein fyrir niðurstöðum samráðs í frummatsskýrslu.

3.6 Efnispörf

Efni verður sótt í viðurkenndar efnisnámur. Unnt verður að nýta stóran hluta efnis sem fellur til úr skeringum í hlíðum Úlfarsfells í vegfyllingar.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um:

- Efnispörf framkvæmda
- Námur sem verða notaðar
- Eiginleika efnisins

3.7 Aðrir kostir

3.7.1 Aðrir framkvæmdakostir

Öll sú mikla uppbygging sem hefur átt sér stað á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins þrengir þannig að fyrirhuguðum framkvæmdum að ekki er unnt að ræða um aðra staðarvalskosti fyrir Hallsveg, Úlfarsfellsveg og mislæg gatnamót.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um:

- Valkosti sem hafa verið til skoðunar um aðra útfærslu á gatnakerfi og gerð grein fyrir því af hverju þeir eru ekki taldir raunhæfir kostir.

3.7.2 Núll-kostur

Fram kemur í frumdrögum verkefnisins að afköst vegakerfis og gatnamóta geta haft takmarkandi áhrifa á skipulag á svæðinu (VST 2003).

Yrði núllkostur fyrir valinu má telja víst að áhrifin yrðu mest á umferð og dreifingu hennar um svæðið.

Uppbygging stendur yfir á miðsvæðum 9.1 og 9.2 skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur (Mynd 3) sem liggja sitt hvoru megin við Vesturlandsveg. Aðgengi að þessum svæðum frá Vesturlandsvegi myndi þá ekki fara um mislæg gatnamót og þarf því að leita annarra lausna, s.s. ljósastýrð gatnamót eða hringtorg sem samræmist ekki markmiðum um umferðarrýmd, umferðaröryggi og þjónustustig. Gatnamótin tengja líka þessi miðsvæði innbyrðis. Hallsvegur tengir svo allt Grafarvogshverfið þessum verslunarsvæðum án þess að aka þurfi út á Vesturlandsveg. Aðgengi að fyrrgreindum miðsvæðum og þeim fyrirtækjum sem þar verða yrði m.ö.o. ekki jafn gott við núll-kostinn og það yrði við framlagða tillögu.

Mislæg gatnamót við Vesturlandsveg er forsenda þess að hægt sé að halda áfram uppbyggingu í Úlfarsárdal og viðhalda ásættanlegu þjónustustigi á vegum.

Nýlagning Hallsvegar milli Víkurvegjar og Vesturlandsvegar þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að tengja Grafarvog við Vesturlandsveg og að tengja Grafarvogshverfið við Blikastaðaveg. Án þessa vegarkafli myndi umferðin þurfa að fara um Vesturlandsveg og það með mætti búast við skertu þjónustustigi á gatnamótum Víkurvegjar og Vesturlandsvegar.

Úlfarsfellsvegur er aðal samgönguæð nýs borgarhverfis í Úlfarsárdal. Vegurinn tengir hverfið við Vesturlandsveginn. Án tillagðar útfærslu myndi engu að síður þurfa sambærilegan veg sem tengdi hverfið þjóðvegakerfinu.

3.8 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Fyrirhugaðar vegafamkvæmdir eru háðar eftirfarandi leyfum:


- Framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð og byggingu brúar frá Reykjavíkurborg, skv. 27 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.
- Samkvæmt 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins þar sem hætta er á að fornleifar geti raskast.
- Leyfi Landbúnaðarstofnunar vegna brúargerðar skv. 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

4. Skipulag og landnotkun

Skipulagsáætlanir eru í gildi á framkvæmdasvæðinu og umhverfis það. Þessi kafli gerir grein fyrir þeim og öðrum áætlunum sem hafa áhrif á framkvæmdina.

4.1 Aðalskipulag



Mynd 3 Aðalskipulagið í stóru samhengi, myndin er úr Skipulagssjá og hefur því ekki sömu nákvæmni og prentaðar útgáfur sbr. fyrirvara um notkun Skipulagssjárinnar. *Skýringar: Gulur táknar miðsvæði, vinrauður táknar íbúðabyggð og svartur hringur táknar mislæg gatnamót.*

Á svæðinu er í gildi Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 með síðari breytingum. Breytingar voru gerðar á aðalskipulaginu. Breytingar við Vesturlandsveg dags. 21.6.2004 og breytingar við Hallsveg 24.4.2006.

Fyrirnefndri breytingu er lýst svo:


Lega stofnbrautar frá Vesturlandsvegi upp að miðkjarna við Leirtjörn færirst til suðurs [...]. Tengibraut sem lá austan Vesturlandsvegur færirst vestur fyrir veginn að hluta, og gerðar eru samhliða breytingar á göngu- og reiðstígum á svæðinu. Sá hluti miðsvæðisins M8 sem er norðan stofnbrautarinnar frá Vesturlandsvegi að Leirtjörn (Hamrahlíðarlönd) breytist í opið svæði til sérstakra nota og merkt sem kirkjugarður (K) en miðsvæðið færirst að hluta vestur fyrir Vesturlandsveg. [...] Neðan Vesturlandsvegur þar sem nú er "opið svæði til sérstakra nota" merkt (G/K) verður miðsvæði, alls 18,5 ha að stærð, þar af 1,5 ha reitur sunnan Hallsvegur en 17 ha á milli Hallsvegur og bæjarmarka Mosfellsbæjar.

Í síðarnefndri breytingu er skýringartexta aðalskipulagsins breytt á eftirfarandi hátt:

„Hallsvegur frá Víkurvegi að Strandvegi verður tveggja akreina gata. Hallsvegur frá Vesturlandsvegi að Víkurvegi og frá Strandvegi að Sundabraut verður fjögurra akreina gata“.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur. Í þeim áformum sem hér eru til kynningar er ekki gert ráð fyrir mislægum gatnamótum í suðurhlíðum Úlfarsfells. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir mislægum gatnamótum (sjá mynd 3 og kort 1).

Skipulagsáætlanir Mosfellsbæjar og Reykjavíkur ákvarða að miklu leyti þróun umferðarþunga um Vesturlandsveg, Hallsveg og Úlfarsfellsveg og er því grundvöllur fyrir umferðarspám.



Mynd 4 Myndin sýnir hluta úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, með breytingum frá 24.4.2006.

4.2 Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Fossaleynismýri var samþykkt í borgarráði 7.2.1995 og var síðast breytt með skipulagi sem lagt var fram og samþykkt í Borgarráði 14. janúar 2004 og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda 6. febrúar 2004. Upprunalegt skipulag og breytingar sýna greinilega Hallsveg suður af svæðinu. Engar breytingar hafa verið gerðar sem hafa áhrif á Hallsveg.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir Keldnaholt en skv. minnisblaði frá Skipulagsstjóra Reykjavíkur dags. 13.7.2007 er til skipulagstillaga sem samvinnunefnd um skipulag Keldna og Keldnaholts samþykkti en er ekki samþykkt af Borgarráði og hefur ekki verið auglýst. Forsendur þess skipulags hafa tekið miklum breytingum síðan. Þar er gert ráð fyrir Hallsvegi.

Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið norðan hins fyrirhugaða Hallsvegar milli Blikastaðavegar og Vesturlandsvegar sem nefnist Stekkjarbrekkur og var það samþykkt í Borgarráði 28.10.2004. Skipulagið sýnir útfærslu af Hallsvegi sem fer gegnum svæðið sem er miðsvæði. Deiliskipulagið hefur verið uppfært og er nýasta útgáfan samþykkt í Borgarráði 1. mars 2006 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 12. apríl 2006.

Austan Vesturlandsvegar er í gildi deiliskipulagið Vesturlandsvegur – Hallar sem var samþykkt í Borgarráði 23. nóvember 2006 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 21. desember 2006.

Vísað er til Rammaskipulags byggðar í Úlfarsárdal vegna legu Úlfarsfellsvegarins ofan byggðar í hlíðum Úlfarsfells.

4.3 Náttúruvernd

Korpa (Úlfarsá) er á Náttúruinjasrá undir kaflanum um *aðrar náttúruinjar* á Suðvesturlandi. Þar segir:



TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.

4.4 Samgönguáætlun og framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar.

Hallsvegur og mislæg gatnamót við Vesturlandsveg eru á samgönguáætlun 2003-2014 á 2. tímabili áætlunarinnar, frá 2007-2010. Fjárveiting er þó ekki í nýrri vegaáætlun fyrir árin 2007-2010 en gera má ráð fyrir henni á tímabilinu 2011-2014.

Úlfarsfellsvegur fer væntanlega ekki inn á framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar næsta árs en gert er ráð fyrir að tekið verði mið af þróun byggðar varðandi lagningu vegarins.

5. Mat á umhverfisáhrifum – Umfang og áherslur

Í umfjöllun framkvæmdaraðila um umfang og vægi áhrifa í frummatsskýrslu verða notuð hugtökin **óveruleg**, **talsverð** og **veruleg áhrif** í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (Tafla 5.1) Tilgangur þessarar flokkunar er fyrst og fremst að samræma umfjöllun á milli kafla og auðvelda mat á heildaráhrifum í lok matsskýrslu. Til viðmiðunar eru hugtökin lauslega skilgreind í töflu 5.1:

Tafla 5.1 Skýringar á hugtökum sem notuð eru til að meta áhrif framkvæmda á hvern umhverfisþátt.

Hugtak	Skýring
Óveruleg áhrif	<p>Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin ná yfir lítið til nokkurs svæðis.</p> <p>Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</p> <p>Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþátta.</p> <p>Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþátta.</p>
Talsverð áhrif	<p>Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin ná yfir talsvert svæði.</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.</p> <p>Breyting á einkennum umhverfisþátta.</p> <p>Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta.</p>
Veruleg áhrif	<p>Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu.</p> <p>Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.</p> <p>Veruleg breyting á einkennum umhverfisþátta.</p> <p>Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta verulega.</p>

Eftirfarandi kaflar fjallar um þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar við gerð tillögu að matsáætlun.

5.1 Loftmengun

Verkfræðistofan Vatnaskil mun vinna greiningu á dreifingu loftborinnar mengunar vegna aukinnar umferðar. Með reiknilíkani fyrir dreifingu efna frá umferð, sem reynsla er fyrir og notuð hafa verið áður í hliðstæðum verkefnum, verður leitast við að svara öllum þeim atriðum sem reglugerðir gera kröfu um. Í umfjöllun um loftmengun verður gerð grein fyrir athugunum Þórarins Gíslasonar öndunarfærslækni o.fl. á NO₂ – mengun við heimili á höfuðborgarsvæðinu. Einnig verður fjallað um athugun Þorsteins Jóhannssonar umhverfisfræðings um rykmyndun á höfuðborgarsvæðinu.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um:

- Núverandi mengun frá umferð
- Útreikninga á mengun vegna tilkomu framkvæmda
- Mat á líklegum áhrifum á íbúa í nágrenni framkvæmdasvæðis
- Tillögur um mótvægisáðgerðum, ef þurfa þykir



TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

5.2 Hljóðvist

Framkvæmdin er í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar 3. ágúst 2001 um lagningu Hallsvegar. Miðast hann við umferð 16.000 bíla á dag árið 2027 og Hallsveg sem tengdur er á milli Vesturlandsvegar og við Sundabrautar. Ekki hafa orðið breytingar á áætlaðri umferð á Hallsvegi.

VSÓ Ráðgjöf mun sjá um að útreikninga á hávaða frá umferð.

Frummatsskýrsla mun gera grein fyrir eftirfarandi:

- Útreikningar á hávaða frá umferð í kjölfar framkvæmdarinnar og hávaði við nærliggjandi íbúðarhús og verslunarhúsnæði metinn. Útreikningar koma til með að miðast við árið 2024.
- Gerð hljóðvistarkort sem sýna jafngildishljóðstig vegna umferðar árið 2024. Sýnd verður hávaðdreifing í sniði og útreiknuð punktgildi.
- Í kjölfar hávaðarannsóknna verða gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum og endurbótum á þeim sem hannaðar hafa verið þurfi þess með.

5.3 Vatn og vatnalíf

Vegna brúargerðar yfir Korpu má búast við hættu á röskun lífríkisins í ánni. Sér í lagi stafar sæmilegum og lélegum hrygningarsvæðum (Friðþjófur Árnason, 2003) á framkvæmdasvæði hætta af framkvæmdinni.

Vatnasvið Úlfarsár kann að verða fyrir áhrifum af vegagerð í hlíðum Úlfarsfells en heildaruppbygging á svæðinu er þó væntanlega stærri áhættuþáttur. Þá er búið að brúa Korpu á nokkrum stöðum á undanfönum árum. Á rekstrartíma mannvirkisins verða notaðar settjarnir sem taka við ofanvatni af mannvirkjunum sem hér um ræðir.

Í frummatsskýrslu verður:

- Umfjöllun um vatn og fiskistofna að mestu byggð á fyrirliggjandi gögnum um áhrif framkvæmda á Korpu. Helst verður stuðst við rannsóknir Veiðimálastofnunar á Úlfarsá.
- Gerð grein fyrir álit og ráðgjöf sérfræðinga hjá Veiðimálastofnun.
- Gerð grein fyrir hugsanlegum áhrifum á Korpu, m.t.t. framkvæmda og mengunar frá umferð.
- Gerð verði grein fyrir mótvægisáðgerðum, ef þurfa þykir.

5.4 Gróður

Sé tekið mið af þeirri miklu uppbyggingu nærri framkvæmdasvæðinu og vettvangsferð á svæðið má ráða að gróðurfar á svæðinu sé með þeim hætti að ekki þurfi að gera sérstaklega grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á það. Gróðurþekja er lítil og þar sem hún er er til staðar er hún til marks um áhrif manna á svæðið.

- Ekki er lagt til að gróðurfar verði rannsakað frekar.

5.5 Fuglalíf

Fyrirhugaður Hallsvegur mun þvera Korpu (Úlfarsá). Vegna þess að áin er á Náttúruminjaskrá og þeirra ábendinga sem bærust við drög að tillögu að matsáætlun er talið mikilvægt að gera grein fyrir áhrifum á fuglalíf við ána.

Í frummatsskýrslu verður:

- Gerð grein fyrir fuglalífi við Korpu á framkvæmdasvæðin

- Leitað álits Náttúrufræðistofnunar á sérstöðu fuglalífs og helstu áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda á það
- Gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum, ef þurfa þykir.

5.6 Landslag

Mikið rask hefur orðið á landslagi á og kringum framkvæmdasvæðið vestan Vesturlandsvegar en austan vegarins er land að mestu óraskað í hlíðum Úlfarsfells. Fyrirhuguð er umtalsverð uppbygging húsnæðis í hlíðum Úlfarsfells sem mun yfirskyggja veginn.

- Ekki er lagt til að lagt verði mat á breytingar á landslagi.

5.7 Menningarminjar

Frumkönnun bendir til þess að minjar kunni að vera í nágrenni framkvæmdarinnar. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir:

- Áliti Minjasafns Reykjavíkur á svæðinu.
- Greint frá niðurstöðu fornleifafraeðings um hvort fornleifar væru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða nágrenni þess.
- Líklegum áhrifum á minjar á framkvæmdasvæðinu og hugsanlegum mótvægisáðgerðum.

6. Samráðs- og kynningarferli

6.1 Kynning frummatsskýrslu og matsáætlunar

Matsáætlun, frummatsskýrsla, sérfræðiskýrslur og –álit verða á netinu, www.vegagerdin.is og www.reykjavik.is og www.vso.is. Kynningarefni mun innihalda myndefni og uppdrætti af fyrirhuguðum framkvæmdum með sjónarhorn úr lofti og af jörðu niðri.

Frummatsskýrsla verður kynnt á opnum fundi í hverfinu.

6.2 Kynning draga að tillögu að matsáætlun

Drög að tillögu að matsáætlun voru auglýst 28. október 2007 í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frestur til að skila inn athugasemdum var auglýstur til 12. nóvember og síðar framlengdur til 19. nóvember.

Drög þessi voru send íbúasamtökum, hverfisráði og lögbundnum umsagnaraðilum til kynningar ásamt því að vera birt á vefsíðum framkvæmdaraðila og ráðgjafa.

Hverfisráð Grafarvogs óskaði eftir kynningarfundum og var orðið við þeirri beiðni 15. nóvember 2007. Fyrir svörum voru fulltrúar Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og VSÓ Ráðgjafar.

6.3 Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun

Athugasemdir bárust skriflega frá eftirtöldum aðilum og er þær að finna í viðauka:

- Minjasafn Reykjavíkur
- Íbúasamtökum Grafarvogs
- Íbúum við neðanverð Garðshús
- Fuglaverndarfélagi Íslands
- Fornleifavernd ríkisins
- Hverfisráði Grafarvogs



TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

6.3.1 Minjasafn Reykjavíkur

Bent var á tiltekna rústir sem eru norðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Viðbrögð: Vísað er í kafla 5.7. Í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að staðsetja á korti fornminjar innan framkvæmdasvæðis og næsta nágrenni.

6.3.2 Íbúasamtök Grafarvogs

Elísabet Gísladóttir formaður íbúasamtaka Grafarvogs sendi inn athugasemd fyrir hönd samtakanna. Óskar hún eftir að framkvæmdin í heild sinni verði slegin út af borðinu og nýir möguleikar kannaðir. Eru ógnir við heilsu, vellíðan og öryggi íbúanna af völdum framkvæmdanna nefnd sem rökstuðningur fyrir því að framkvæmdin verði endurskoðuð. Sérstaklega er fjallað um áhrif svífrys frá umferð á heilsu barna sem iðka íþróttir í nágrenni við veginn í þessu sambandi.

Forsendur umferðarkerfisins telur hún gjörbreyttar frá því að Hallsvegur var fyrst settur á aðalskipulag. Grafarvogsbúar hafi nú ágætis tengingar út úr hverfinu og að aðrar lausnir geti þjónað aðgengi að verslunar- og þjónustumiðstöð við Vesturlandsveg. Því er einnig mótmælt að hagsmunum verslunareiganda sé betur gætt en hagsmunum almennra íbúa í þessu tilliti.

Hvað varði væntanlega íbúa handan Vesturlandsvegar nægi þeim aðgengi að Vesturlandsvegi en þurfi ekki að aka gegnum Grafarvog að Sundabraut. Þá er lýst áhyggjum af framkvæmdinni á lífríki Korpu ásamt því sem hún er talin skerða aðgengi íbúanna að náttúrunni sem hafi skert lífsgæði í för með sér.

Fjögur atriði eru sérstaklega tilgreind til athugunar:

- Að fram fari heildarúttekt allri framkvæmdinni m.t.t. breyttra forsenda: umferðarmagni frá Vesturlandsvegi og Hólmsheiði/Suðurlandsvegi ef af Sundabraut verður.
- Að kannaðir verði möguleikar á að fara með veginn í stokk.
- Að fyrir liggi mat lungnasérfræðinga við æfingasvæði fjölmennasta ungmenna- og íþróttafélag landsins.
- Að fyrir liggi mat frá sérfræðingum á umferðaröryggi barna við íþróttasvæðin.

Viðbrögð: Í kjölfar þessara ábendinga var ákveðið að fjalla um í frummatsskýrslu helstu valkosti sem hafa verið til skoðunar hjá framkvæmdaraðila (sjá kafla 3.1). Gerð verður grein fyrir áætluðum umferðarstraumum á gatnakerfi borgarinnar.

Umhverfisráðherra og Skipulagsstofnun hafa í úrskurðum sínum frá 2002 og 2001, vegna mats á umhverfisáhrifum við lagningu Hallsvegar, kveðið úr með að lagning Hallsvegar í stokk komi ekki til greina vegna kostnaðar. Framkvæmdaraðili telur að forsendur hafi ekki breyst og því sé Hallsvegur í stokk ekki raunhæfur kostur.

Búið er að bæta við frekari upplýsingum um umfjöllun um hugsanlegum áhrifum loftmengunar, sjá kafla 5.1.

6.3.3 Íbúar við neðanverð Garðshús

Jón H. Sigurðsson og Gunnar H. Sigurðsson f.h. íbúa við neðanverð Garðshús sendu athugasemdir. Þeir gera athugasemd við að þessi framkvæmd sé metin ein og sér en að mat á lagningu Hallsvegar milli Fjallkonuvegar og Víkurvegar hafi grundvallast á því að framkvæmdin sem nú um ræðir stæði ekki fyrir dyrum. Þeir fjalla um markmið framkvæmdanna og telja að þau séu Grafarvogsbúum ekki til hagsbóta þar sem fleiri tengingar úr hverfinu séu óþarfar og að framkvæmdin þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að flytja umferð frá Vesturlandsvegi og hugsanlega Suðurlandsvegi til miðborgar Reykjavíkur um Sundbraut. Sú tilhögun að Hallsvegur austan Víkurvegar sé fjögurra akreina en eingöngu tveggja

TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

akreina vestan Víkurvegjar telja þeir ósannfærandi útfærslu og óska því eftir ítarlegri greiningu á umferðarspá. Þrír þættir eru sérstaklega tilgreindir sem taka þarf tillits til við mat á framkvæmdinni:

- Stofnbraut Hallsvegjar frá Sundabraut að Vesturlandsvegi (eða að Suðurlandsvegi ef áform eru um að tengjast honum) verði metin sem heildstæð framkvæmd.
- Umferðarlíkan taki mið af öllum forsendum umferðar svo sem vegna verslunar og af breyttum forsendum byggðar á svæðinu. Einnig er átt við aðra vegtengingar við stofnvegi svo sem við Suðurlandsveg og aðrar þær tengingar við stofnvegi sem fyrirhugaðar eru til framtíðar.
- Settir verði upp aðrir raunhæfir valkostir sem gætu uppfyllt markmið verkkaupa.

Viðbrögð: Nú þegar liggur fyrir úrskurður umhverfisráðherra frá árinu 2002 þar sem veitt er heimild fyrir því að framkvæmd Hallsvegjar á milli Fjallkonuvegjar og Víkurvegjar sé metið sem sjálfstæð framkvæmd annars vegar og Hallsvegjar frá Víkurvegi að Vesturlandsvegi hins vegar.

Nýju og uppfærðu umferðarspálíkani verður beitt til að greina umferð um svæðið miðað við nýjustu forsendur á höfuðborgarsvæðinu, sjá kafla 3.1. Gerð verður grein fyrir áhrifum mismunandi tillagna á umferð í gatnakerfinu.

Varðandi aðra framkvæmdakosti er vísað í viðbrögð við athugasemd íbúasamtaka Grafarvogs í kafla 6.3.2.

6.3.4 Hverfisráð Grafarvogs

Í athugasemd Hverfisráðs Grafarvogs við drög að tillögu að matsáætlun, er hafnað þeim forsendum og hugmyndum sem liggja fyrir um Hallsveg, Úlfarsfellsveg og mislægra gatnamóta við Vesturlandsveg. Ástæður ákvörðunar byggja á eftirfarandi:

1. Stofnbraut í gegnum mitt rötgróið íbúahverfi til þess eins að þjóna þörfum bílaumferðar en ekki íbúa er algjörlega úr takti við nútímahugsun um góða búsetu og lífsgæði. Verði fyrirhuguð braut lögð slítur hún hverfið í sundur og hindrar gott aðgengi að útivistar- og íþróttasvæðum.
2. Skipulagsforsendur hafa breyst það verulega að engin þörf er fyrir mislæg gatnamót á þessum stað. Fyrirhuguð íbúabyggð í Úlfarsfelli verður mun minni en áður var gert ráð fyrir og hugmyndir um legu Sundabrautar eru aðrar. Nú þegar eru til staðar mislæg gatnamót við Víkurveg sem fullnægja íbúabyggð í Úlfarsfelli eða mætti aðlaga þeirri umferð. Þá er tenging um Korpúlfsstaðaveg og möguleiki á umferðarbótum um hringtorg á Vesturlandsveg vegna verslana sem eru að rísa á svæðinu.
3. Lagning Sundabrautar mun létta á allri umferð um Vesturlandsveg og Ártúnsbrekku sem nýttist íbúum í Úlfarsfelli.

Þá beinir Hverfisráðið þeim tilmælum til borgaryfirvalda að stofna sérstakan vinnuhóp í samvinnu við Vegagerð, sem fái það hlutverk að ræða áætlanir um Hallsveg og finna þeim farveg sem líklegt er að sátt náist um. Hverfisráðið tekur undir athugasemdir íbúasamtaka Grafarvogs.

Viðbrögð: Framkvæmdaraðili telur nauðsynlegt að bæta umferðarrým og þjónustustig gatnakerfis m.t.t. þeirrar uppbyggingar sem þegar hefur átt sér stað og fyrirhuguð er samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir helstu valkostum sem hafa verið til skoðunar hjá framkvæmdaraðila (sjá kafla 3.1). Gerð verður grein fyrir áætluðum umferðarstraumum á gatnakerfi borgarinnar og tekið tillit til mismunandi áfanga Sundabrautar.



TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

6.3.5 Fuglaverndarfélag Íslands

Jón Baldur Hlíðberg sendi inn athugasemd f.h. Fuglaverndarfélags Íslands. Taldi hann með öllu óforsvaranlegt að ráðast í framkvæmdina án þess að áhrif þeirra á lífríki Korpu og fuglalíf væri ekki könnuð.

Viðbrögð: Tekið er undir ábendingu Fuglaverndarfélagsins og hefur verið ákveðið að leita til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umfjöllunar um fugla, sjá kafla 5.5. Varðandi lífríki Korpu verður stuðst við fjölmargar og ítarlegar athuganir Veiðimálastofnunar þar um, sem og að leitað verður á lits Veiðimálastofnunar, sjá kafla 5.3.

6.3.6 Fornleifavernd ríkisins

Kristinn Magnússon f.h. Fornleifaverndar ríkisins gerði athugasemd við kafla 5.6 í drögum að matsáætlun og taldi nauðsynlegt að fornleifafræðingur kannaði hvort fornleifar væru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða nágrenni þess. Öll svæði sem kunna að verða fyrir raski verði könnuð. Niðurstaðan verði birt í frummatsskýrslu ásamt tillögum að mótvægisáðgerðum og nákvæmu yfirlitskorti eða loftmynd af svæðinu.

Viðbrögð: Framkvæmdaraðili tekur undir ábendingu Fornleifaverndar ríkisins og mun láta fara fram úttekt á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði m.t.t. fornminja, sjá kafla 5.7.

7. Heimildaskrá

Friðþjófur Árnason, 2003. Greinargerð vegna umhverfismats á áhrifum tvöföldunar Vesturlandsvegar á lífríki Úlfarsár. Veidimálastofnun, júlí 2003.

VST, 2003. *Hringvegur (1) f2-f3. Víkurvegur – Skarhólabraut. Frumdrög. Greinargerð – áfangaskýrsla.* Mars 2003.

Skipulagsstofnun, 2001. Úrskurður 2001030049, dags. 3. ágúst 2001. *Hallsvegur í Reykjavík, tveggja akreina vegur frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi – önnur athugun.*

Umhverfissráðherra, 2002. Úrskurður dags. 13. maí 2002. *Lagning Hallsvegar, tveggja akreina stofnbrautar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi í Reykjavík.*



TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

8. Viðauki: Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun

8.1 Fuglaverndarfélag Íslands

Fuglaverndarfélag Íslands gerir athugasemd við að ekki sé fyrirhuguð nein athugun á áhrifum brúar á Hallsvegi yfir Korpu, á fuglalíf og lífríki árinna. (sjá gr 5.3 og 5.4 í drögum að tillögu um matsáætlun frá Vegagerðinni. <http://www.vso.is/fretta%20pdf/Hallsvegur-drog-ad-tillogu-matsaetlun.pdf>

Við viljum benda á að það sé með öllu óforsvaranlegt að ráðast í svona framkvæmd án þess að áhrif framkvæmdarinnar verði könnuð til hlýtar.

Ósar Korpu sem og öll áin er á náttúruminjaskrá og verður hún að teljast mikilvæg í sífellt fátækari náttúru höfuðborgarinnar. Ber öllum sem um véla að sjá til þess að allur skaði sem kann að verða við svona framkvæmd sé kannaður til hlýtar og veginn áður en farið er af stað.

Það að ekki standi til að gera neina athugun á mögulegum áhrifum á lífríki Korpu og fuglalífi henni tengt er hérmeð harðlega mótmælt.

F.H. Fuglaverndarfélags Íslands

Jón Baldur Hlíðberg

8.2 Árbæjarsafn – Minjasafn Reykjavíkur

Tilvísun í mál: 2007090002

Leit yfir afmarkað framkvæmdarsvæði. Ekki eru neinar skráðar fornleifar að finna innan svæðissins eins og það er skilgreint á mynd frá 11.09.2007 merkt framkvæmdarsvæði.

Í nágrenni við það er rúst merkt 259-10. Verði breyting á framkvæmdarsvæði skal tekið tillit til þessarar rústar.

Anna Lísu Guðmundsdóttir

Deildarstjóri fornleifadeildar

Árbæjarsafn - Minjasafn Reykjavíkur

8.3 Fornleifavernd ríkisins

Í kafla 5.6 í drögum að tillögu að matsáætlun segir að frumkönnun bendi til að einhverjar fornleifar kunni að vera í nágrenni framkvæmdarinnar. Nauðsynlegt er að fornleifafræðingur kanni hvort fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eða í nágrenni þess. Fornleifavernd ríkisins leggur áherslu á að öll svæði sem hugsanlega verða fyrir raski verði könnuð, vegstæði, brúarstæði, göngustígar, lagnaleiðir og efnistökgastaðir ef þeir eru ekki þegar þekktir, haugsetningastaðir og staðir þar sem setja á upp vinnubúðir. Auk þess að kanna fornleifar á svæðinu þarf fornleifafræðingur að meta áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fornleifar. Niðurstöður könnunarinnar þarf að birta í frummatsskýrslu og þar þarf að gera grein fyrir hugsanlegum mótvægisáðgerðum. Í frummatsskýrslu þarf einnig að sýna nákvæma staðsetningu fornleifa á korti eða loftmynd ásamt fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar svo að auðveldar sé að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á einstaka fornleifar.

Kristinn Magnússon

Fornleifavernd ríkisins

8.4 Íbúasamtök Grafarvogs

Athugasemdir við drög að tillögu um matsáætlun vegna, Hallsvegs, Úlfarsfellsvegs og mislægum gatnamótum við Vesturlandsveg.

Stjórn Íbúasamtaka Grafarvogs mótmælir harðlega fyrirhugaðri tengingar Hallsvegur upp á Vesturlandsveg og legu hans eins og kemur fram í auglýsingu Vegagerðarinnar.

Við förum fram á að þessum framkvæmdum verði ýtt út af borðum skipulags- og samgöngufirvalda strax í þeirri mynd sem nú er sett fram í þessari kynningu

Leggjum við til að fallið verði frá þessari framkvæmd og samgöngur og tengingar á þessu svæði verði teknar til gagnarrar endurskoðaðar m.t.t. hagsmuna íbúa hverfisins nú og í komandi framtíð. Við teljum þetta ótímabæra og óviðunandi framkvæmd. Við viljum fullyrða að það yrði samfélagslegt slys sem engin vill taka ábyrgð á í framtíðinni. Bendum við því á að yfirvöld skoði svona mikil samgöngu mannvirki með hliðsjón af lífsskilyrðum íbúa hverfisins svo að reynt verði eins og kostur er að halda nýjum friðsælum hverfum frá slíkum dómi að þurfa að líða þungan gegnum akstur í gegnum hverfið og kljúfa þannig hverfið niður með margfaldri viðtækri hættu.

Í nútíma samfélagi er stöðugt áreiti og ógn við öryggi íbúa, heilsu þeirra og vellíðan.

Við viljum fullyrða að það yrði samfélagslegt slys sem engin vill taka ábyrgð á í framtíðinni. Bendum við því á að yfirvöld skoði áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar með hliðsjón af lífsgæðum íbúa hverfisins. Það beri að forða friðsælum hverfum frá þeim dómi að þurfa að líða stöðugt áreiti umferðarpunga í gegnum hverfið. Þá mun framkvæmdin og kljúfa hverfið í tvennt með margfaldri viðtækri hættu, nægir þar að minnast á Breiðholtsbraut og áhrif hennar á samgang milli hverfishluta.

Frá því Hallsvegur var fyrst settur á aðalskipulag hafa forsendur tekið stakkaskiptum.

Með lagningu Hallsvegur er fyrirhugað að beina umferð frá Vesturlandsvegi Úlfarsfells byggðum, og síðar flutningum frá atvinnusvæðum á Hólmsheiði við Suðurlandsveg í gegnum Grafarvogshverfið inn á komandi Sundabraut. Það er vert að íhuga að Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur eru með eina hæstu og alvarlegust slysatíðni landsins.

Hallsvegur liggur rétt við eitt fjölsóttasta íþróttasvæði landsins í Dalhúsum þar sem þúsundir barna stunda íþróttir og íbúar á öllum aldri sækja sund. Sýnt hefur verið fram á að svifryks- og loftmengun er mikil og alloft yfir heilsufarsmörkum við mestu umferðargötur. Fjöldi vísindarannsóknna sýna fram á alvarlegar afleiðingar á heilsu manna sem eru í nálægt við mikil umferðamannvirki. Lungu barna eru sérstaklega viðkvæm og því meira sem öndun er hraðari og dýpri eins og við íþróttaiðkun. Það er skylda stjórnvalda að standa vörð um lýðheilsu íbúanna. Því ber að forðast að velja slíku stað þar sem sýnt er að áhrif loftmengunar, svifryks og hávaða vera langt umfram hættumörk við æfingarsvæði fjölmennasta ungmenna- og íþróttafélag landsins, Fjölnir. Því teljum við ekki forsvanlegt að beina þessu miklu umferðaaðum í gegnum mitt friðsælt íbúahverfi.

Ekki lengur sömu forsendur fyrir tengingu Hallsvegur upp á Vesturlandsveg.

Í forsendum framkvæmdar er tekið fram að markmið sé ekki hvað síst að tengja íbúabyggðir í Úlfarsárdal við Grafarvog.

Þrátt fyrir að Hallsvegurinn hefur verið lengi á skipulagi hafa forsendur breyst verulega á þeim tíma og aðrar veltengingar, sem ekki voru á aðalskipulagi, leyst þörfina við að komast út úr hverfinu af. Það eru góðar tengingar við Vesturlandsveg og austurbyggðirnar um mislæg gatnamót við Víkurveg og einnig frábær tenging um Korpúlfsstaðaveg, sem báðar nýtast afar vel.

Eitt meginmarkmið tengingar Hallsvegur er að tengja nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Vesturlandsveg við Grafarvog. Við bendum á að þessu svæði er vel sinnt með mislægu gatnamótunum við Víkurveg og munar engu í aksturstíma. Því er ljóst að Hallsvegur þjónar engum hagsmunum fyrir íbúa Grafarvogs og verður eingöngu gegnumakstursleið sem ekki á heima í miðju íbúahverfi. Slík



TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

umferðamannvirki eru skipulögð utan um hverfi íbúa eins og nýjar ígrundaðar framkvæmdir erlendis sýna.

Nú í dag eru um þrjár megin tengingar út úr hverfinu, auk leiðar undir Ártúnshöfða, Grafarholtsveg og leið í meðfram Bryggjuhverfi, með Sundabraut bætist enn ein tenging við. Grafarvogshverfi er því vel í sveit sett hvað varðar vegtengingar og síst af öllu þarf þriðju vegtenginguna yfir Úlfarsá til austurs.

Tengingin óþörf fyrir íbúa sunnan Vesturlandsvegur m.t.t. nýrra mannfjölda spár í Reykjavík næstu fimm tíu árin.

Annað sem benda má á er að fram kemur í nýjstu niðurstöðum um mannfjöldaspá í Reykjavík að fjölgun verður ekki eins mikil og menn áætluðu, sem dregur úr eftirspurn eftir nýbyggingum í úthverfum eins og hverfin við Úlfarsfell. Því geta þeir íbúar þeirra hverfa nýtt sér Átúnsbrekkuna sérstaklega eftir að Sundabrautin verður lögð því mikill hluti Grafarvogsbúa sem og Mosfellinga, sem fara um Korpúlfsstaðaveg, munu nýta Sundabraut og þar með létta á umferðarpunga um Átúnsbrekku, sérstaklega ef Sundabraut verður á ytri leið. Sem styrkir undir þá röksemd að ekki sé þörf á Hallsvegstengingu.

Hagsmunir íbúa verða að gangna fyrir hagsmunum fjárfesta og einstakra hagsmunaðila og auðvalds.

Við gerum alvarlega athugasemd við þá skýringu sem fulltrúar yfirvalda hafa gefið okkur á nauðsyn þess að hraða framkvæmdum við tenginu Hallsvegur við Vesturlandsveg, vegna kröfu eigenda verslunarrisa sem að undanförmu hefur verið að reisa mikið verslunarhúsnæði við fyrirhugaða tengingu. Krafa þeirra er sögð vera sú að flýta skuli Hallsvegstengingu uppá Vesturlandsveg og að einnig sé gerð krafa um mislæg gatnamót til að mæta kröfum verslunareigenda um að auka aðgengi væntanlegra viðskiptavina þeirra að verslunarhúsnæðinu. Við leggjum til að fundin verði einföld lausn á því máli. T.d. með að hanna einfalda brú undir Vesturlandsveg til að auðvelda aðgengi frá suðri. S.s. eins og Grafarholtsveg undir Vesturlandsveg.

Lífsgæði, útivist og náttúra

Tenging Hallsvegur við Vesturlandsveg krefst enn einnar framkvæmdar við Úlfarsánnu eða Korpu. Áin er á náttúruminjasrá vegna einstakra skilyrða fyrir lífríkið. Áin er einnig ágæt laxveiðiá. Fjöldi íbúa notar umhverfi árinna til hollrar útivistar og við bakka árinna er vinsæll golfvöllur. Öllum þessum verðmætu lífsgæðum er stefnt í voða verði af þessari framkvæmd þar sem friðsælu og endurnærandi umhverfi verður skipt út fyrir stöðugt áreiti umferðarpunga. Þessu vilja íbúasamtökin mótmæla og telja að verði sé að fórna framtíðarhagsmunum borgarbúa fyrir hagsmunum verslunareigenda.

- Við förum fram á að heildarúttekt verði tekin á allri framkvæmd m.t.t. mats á breyttum forsendum á umferðamagni frá, Vesturlandsvegi og Hólmsheiði /Suðurlandsvegi ef af verður að Sundabraut.
- Að kannaðar verði möguleikar á að fara með þessa framkvæmd í stökk.
- Að fyrir liggi áhættumat lungnasérfræðinga, við fjölmennasta ungmenna-og íþróttafélag landsins.
- Einnig áhættu og öryggismat frá sérfræðingum í umferðaöryggi barna á sama stað.

Með von um að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda,

F.h. Íbúasamtaka Grafarvogs og umferðahóps Grafarvogs.

Elísabet Gísladóttir formaður.

8.5 Hverfisráð Grafarvogs

Varðandi matsáætlun vegna Hallsvegar, Úlfarsfellsvegar og mislægra gatnamóta við Vesturlandsveg vill hverfisráð Grafarvogs koma eftirfarandi athugasemdir á framfæri:

Hverfisráð Grafarvogs hafnar þeim forsendum og hugmyndum sem liggja fyrir í núverandi drögum vegna, Hallsvegar, Úlfarsfellsvegar og mislægra gatnamótum við Vesturlandsveg sem fram koma í auglýsingu frá Vegagerðinni í drögum að matsáætlun.

Ástæður ákvörðunar hverfisráðs byggja á eftirfarandi:

1. Stofnbraut í gegnum mitt rótgróið íbúahverfi til þess eins að að þjóna þörfum bílaumferðar en ekki íbúa er algjörlega út takti við nútímahugsun um góða búsetu og lífsgæði. Verði fyrirhuguð braut lögð slítur hún hverfið í sundur og hindrar gott aðgengi að útivistar- og íþróttasvæðum.
2. Skipulagsforsendur hafa breyst það verulega að engin þörf er fyrir mislæg gatnamót á þessum stað. Fyrirhuguð íbúabyggð í Úlfarsfelli verður mun minni en áður var gert ráð fyrir og hugmyndir um legu Sundabrautar eru aðrar. Nú þegar eru til staðar mislæg gatnamót við Víkurveg sem fullnægja íbúabyggð í Úlfarsfelli eða mætti aðlagða þeirri umferð. Þá er tenging um Korpúlfsstaðaveg og möguleiki á umferðarbótum um hringtorg á Vesturlandsveg vegna verslanna sem eru að rísa á svæðinu.
3. Lagning Sundabrautar mun létta á allir umferð um Vesturlandsveg og Ártúnsbrekku sem nýtist íbúum í Úlfarsfelli

Hverfisráð Grafarvogs beinir þeim tilmælum til borgaryfirvalda að stofnaður verði sérstakur vinnuhópur í samvinnu við Vegagerð ríkisins sem fái það hlutverk að ræða áætlanir um Hallsveg og finna þeim farveg sem líklegt er að sátt náist um. Aðild að hópnum eigi fulltrúar úr hverfisráði Grafarvogs, íbúasamtaka Grafarvogs ásamt fulltrúum að hálfu borgarinnar.

Hverfisráð tekur jafnframt undir fyrirbyggjandi athugasemdir stjórnar Íbúasamtaka Grafarvogs og vona að full sátt náist um málið og að Vegagerð og borgaryfirvöld taki tillit eindregina óska Hverfisráðs og íbúasamtaka Grafarvogs.

8.6 Íbúar við Garðhús

Íbúar við neðanverð Garðhús gera eftirfarandi athugasemdir við “Drög að tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina – Hallsvegur – Úlfarsfellsvegur ásamt gatnamótum við Vesturlandsveg”.

Almennt um framkvæmdina

Íbúar við neðanverð Garðhús eru undrandi á því að nú, í beinu framhaldi framkvæmda við lagningu Hallsvegar milli Fjallkonuvegar og Víkurvegar, skuli framhald vegarins upp á Vesturlandsveg og áfram upp í Hamrahlíðarlönd vera metið. Framkvæmdaraðilar bentu á í fyrri málum fyrir aðeins örfáum árum síðan að alls væri óvíst hvort farið yrði út í þessa framkvæmd. Það var meðal annars einn rökstuðningurinn fyrir því að framkvæmdaraðili taldi eðlilegt að meta Hallsveg milli Fjallkonuvegar og Víkurvegar sem sér framkvæmd. Íbúar gera kröfu til trúverðuleika framkvæmdaraðila við málflytningu sínum.

Íbúar gerðu á sínum tíma athugasemdir við frummat og frekara mat á lagningu Hallsvegar milli Fjallkonuvegar og Víkurvegar. Það mál fór eins og kunnugt er fyrir dómstóla, bæði fyrir Héraðsdóm og fyrir Hæstarétt að undangengnum úrskurði Umhverfisráðherra. Íbúar bentu hvað eftir annað á atriði sem lúta að frekari lagningu Hallsvegar upp á Vesturlandsveg og áfram upp í Halla og Hamrahlíðarlönd svo og frá Hallsvegi niður á fyrirhugaða Sundabraut sem með beinum hætti gætu rýrt lífsgæði þeirra. Það er skýlaus krafa íbúa við neðanverð Garðhús að tekið verði fullt tillit til allra þeirra gagna sem til



TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

urðu í málsmeðferð íbúa frá 1990 til 2004. Til að auðvelda framkvæmdaraðilum yfirsýn fylgir hér með skrá yfir málgögn.

Markmið framkvæmda

Íbúar hafa margoft bent á að mjög óeðlilegt sé að meta stofnbraut sem fyrirhuguð er frá Sundabraut í gegnum íbúahverfi í Grafarvogi og áfram upp í Hamrahlíðarlönd í bótum. Stofnbrautina ber að meta í heilu lagi þannig að heildaráhrif framkvæmdarinnar komi í ljós áður en framkvæmdir hefjast. Að okkar mati er misskilningur á aðalmarkmiði með þessari framkvæmd, en við teljum þessa framkvæmd okkur Grafarvogsbúum ekki til hagsbóta þar sem í raun er verið að ferja "óþarfa" umferð í gegnum Grafarvog til verslana og svo umferð frá Vesturlandsvegi í átt að miðborg Reykjavíkur. Útgönguleiðir úr Grafarvogi teljum við nægar en hægt væri að leysa aðkomu að verslunarstarfsemi með öðrum hætti en nú er verið að leggja til. Það er ekki ásættanlegt að meta framkvæmd sem þessa með undirmarkmið að leiðaljósi svo sem tengingu milli hverfa í stað þess að heildarmarkmið stofnbrauta verði látið ráða. Með heildarsýn að leiðaljósi næst réttlátt mat á framkvæmd Hallsvegar. Íbúar gera kröfu til þess að skýrt komi fram í matinu hvar fyrirhugaður Úlfarsfellsvegur eigi að enda. Á hann að enda í hlíðum Úlfarsfells, eða á hann að halda áfram og tengjast Suðurlandsvegi? Við teljum eftir samtöl okkar við skipulagsyfirvöld og Hverfasamtök að ljóst má vera að stofnbraut Hallsvegar mun tengjast Sundabraut í annan endann og svo Suðurlandsvegi í gegnum Úlfarsfellsveg í hinn endann.

Umferðalíkan og skipulag vegstæðis

Íbúar benda á að mjög óeðlilegt verði að teljast að ætla að meta tvöfaldan Hallsveg frá Víkurvegi og upp í Hamrahlíðarlönd á sama tíma og Hallsvegur er einfaldur milli Fjallkonuvegar og Víkurvegar. Slík hönnun vekur óneitanlega illan bifur í brjósti íbúa við neðanverð Garðhús og vekur upp grun um hvort ekki verði þörf á tvöföldun vegarins á þessum kafla. Gerð er krafa til þess með hvaða hætti þessi hönnun er rökstudd. Ef skortur er á faglegum rökum fara íbúar við neðanverð Garðhús fram á að fjögurra akreina stofnbraut Hallsvegar milli Fjallkonuvegar og Víkurvegar verði metin samhliða fyrirbyggjandi mati því sem nú er fyrirhugað og er gerð sérstök krafa um að sá hluti verði lagður í stökk. Sú krafa er studd þeim rökum að umferðaforsendur sem lágu fyrir lagningu Hallsvegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi standast vart lengur þar sem stækkun byggingasvæða í kringum framkvæmdasvæðið hefur aukist verulega og það bendir til að forsendur að því umferðalíkani sem fyrsti hluti Hallsvegar byggðist á séu verulega úreltar. Forsendur um 16 þúsund bíla umferð á Hallsvegi 2024 gerðu ekki ráð fyrir verslunarstarfsemi né heldur breyttum byggðaforsendum. Vegna þessarar einkennilegu hönnunar að láta 4ra akreina veg taka við af 2ja akreina vegi gera íbúar við neðanverð Garðhús miklar kröfur til þess að vandaðar og ítarlegar umferðarspár komi fram í matinu er nái til allrar legu Hallsvegar í nútíð og framtíð. Við teljum að ekki sé hægt að miða við þær forsendur sem áður voru gerðar þar sem verulegar breytingar hafa verið á svæðinu eins og áður hefur verið tíundað.

Niðurlag

Enn og aftur benda íbúar við neðanverð Garðhús á þá staðreynd að með lagningu Hallsvegar eins og nú er fyrirhugað er verið að kljúfa íbúahverfi Grafarvogs í tvennt. Verið er að undirbúa framkvæmd, metna til umhverfismats í bótum, sem hefur þær afleiðingar að þungri umferð fólksbíla og þungavinnubíla verður stefnt í gegnum hverfið. Íbúar krefjast þess að tekið verði tillit til þessa við mat á umhverfisáhrifum.

Íbúar undrast að á þeim skamma tíma sem liðinn er frá málsmeðferð Hallsvegar milli Fjallkonuvegar og Víkurvegar skuli borgaryfirvöld heimila stórbyggingar báðum megin Vesturlandsvegar sem gjörbreyta muni öllum umferðaforsendum á svæðinu. Að okkar mati eru einna helst þrjú þættir sem þarf að taka tillit til vegna mats á þessari framkvæmd

- Stofnbraut Hallsvegar frá Sundabraut að Vesturlandsvegi (eða að Suðurlandsvegi ef áform eru um að tengjast honum) verði metin sem heildstæð framkvæmd.

TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

- Umferðalíkan taki mið af öllum forsendum umferðar svo sem vegna verslunar og af breyttum forsendum byggðar á svæðinu. Einnig er átt við aðrar vegtengingar við stofnvegi svo sem við Suðurlandsveg og aðrar þær tengingar við stofnvegi sem fyrirhugaðar eru til framtíðar.
- Settir verði upp aðrir raunhæfir valkostir sem gætu uppfyllt markmið verkkaupa.

Fyrir hönd íbúa við neðanverð Garðhús

Jón H Sigurðsson

Gunnar H Sigurðsson